

## Ávarp rektors á ráðstefnunni *Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?*

Norræna húsinu, miðvikudaginn 20.apríl 2022 klukkan 09:00

Kæru gestir í sal og þið sem fylgist með okkur á streyminu.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin hingað í dag fyrir hönd Háskóla Íslands á þessa árlegu ráðstefnu þar sem utanríkis- og alþjóðamál Íslands eru í brennidepli. Öflug og gagnrýnin umræða um alþjóðasamvinnu hefur sjaldan verið mikilvægari en á þeim umbrotatímum sem við upplifum í dag. Það er því viðeigandi að við séum komin saman hér á heilsdagsráðstefnu tileinkaða alþjóðasamvinnu og stöðu Íslands í alþjóðakerfinu en þetta er í fimmta sinn sem þessi ráðstefna er haldin í farsælu samstarfi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norræna hússins og utanríkisráðuneytisins með aðkomu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og Félags stjórn málafræðinga.

Umræðuefni ráðstefnunnar í ár markast að sjálfsögðu af innrás Rússa í Úkraínu sem ógnar friði og stöðugleika í allri Evrópu. Innrásin er ekki aðeins bein ógn við öryggi okkar heldur einnig við hugmyndir okkar og heimsmynd sem byggir á alþjóðalögum, lýðræði og mannréttindum. Öflugar rannsóknir og opinská umræða um alþjóða - og öryggismál eru mikilvægt verkfæri til að auka skilning okkar svo að við getum tekist á við þessar breytingar á alþjóðavettvangi og mætt áskorunum framtíðar. Fræðimenn á sviði alþjóðasamskipta og utanríkismála leggja sitt af mörkum til opinberrar stefnumótunar og umræðu með því að greina og rannsaka mikilvæg alþjóðleg málefni sem hafa áhrif á samfélög okkar. Vettvangur sem þessi er því gríðarlega mikilvægur, ekki bara fyrir okkur í fræðasamfélaginu heldur fyrir samfélagið í heild. Það má færa rök fyrir því að fyrir lítið ríki eins og Ísland sé öflug alþjóðasamvinna og alþjóðlegt rannsóknarsamstarf ekki síður mikilvægt en fyrir stærri ríkin.

Það er því sérstaklega ánægjulegt að við getum öll komið saman hér í dag til að ræða þessi mikilvægu málefni og efla umræðu almennt um alþjóðamál á Íslandi.

Fyrir hönd Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, vona ég að þið njótið dagsins, og þeirrar metnaðarfullu dagskrár sem hér er boðið upp á.